

## Tónheyrn M2

Tónheyrn M2 er ætluð nemendum sem stefna að miðprófi í tónfræðigreinum. Hún felur í sér seinni hluta miðnáms í tónheyrn og er ætluð þeim sem hafa náð lágmarkseinkunn 7,0 í tónheyrn M1. Nemendur þreyta að vori samræmt miðpróf Prófananefndar tónlistarskóla, sem er skilyrði fyrir því að fá afhent prófskírteini frá Prófananefnd tónlistarskóla fyrir miðpróf á hljóðfæri eða í söng. Tónheyrn veigamikill hluti af því prófi. Æskilegt er að nemendur taki Tónheyrn M2 samhliða Tónfræði M2 og Hlustun og greiningu M2.

### Námsefni:

*Tónheyrnarverkefni 5* eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur

*Vinnubók í tónheyrn* eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur eða bók/mappa með auðum nótnablöðum



Bækurnar fást í Vaski.

Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í tónheyrn M2.

## Tónheyrn

### Hrynur

Nemandi

- geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinna takttegunda: 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- hafi náð tökum á taktslætti í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- skilji, geti beitt, flutt, greint á blaði og eftir heyrn eftirfarandi lengdargildi og hrynmyndur, auk annarra af sambærilegu erfiðleikastigi:



- þekki, skilji, geti flutt, greint eftir heyrn og skráð synkópur og bindingar, meðal annars yfir taktstrik.
- hafi þjálfast í að botna hrynendingar í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- geti endurtekið eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- geti skráð eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.

### Laglína og tóntegundir

Nemandi

- hafi þjálfast í söng tónstiga, tónbila og hljóma.
- geti endurtekið eftirtalda tónstiga eftir heyrn: dúr, hljómhæfur moll, laghæfur moll, pentatónískur tónstigi.
- geti greint eftir heyrn eftirtaldar gerðir tónstiga: dúr, hreinn moll, hljómhæfur moll, laghæfur moll, pentatónískur tónstigi og krómatískur tónstigi
- geti endurtekið eftir heyrn stuttar laglínur í dúr og moll með stökkum innan tóntegundar.
- hafi þjálfast í að botna laglínuhendingar.
- geti skráð eftir heyrn stutta laglínu í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 í eftirtöldum tóntegundum: C-dúr, F-dúr, G-dúr, D-dúr, a-moll, d-moll, e-moll og h-moll.
- geti sungið eða blístrað við fyrstu sýn eða með litlum undirbúningi einfaldar laglínur í C-, F- og G-dúr og a-, d- og e-moll
- geti lesið nótur af blaði á nótnaheitum í C-dúr í G-lykli og F-lykli.

### ***Tónbil***

Nemandi

- geti endurtekið öll tónbil innan áttundar sem leikin eru í samhljómi.
- geti sungið öll tónbil innan áttundar upp frá gefnum tóni.
- geti greint eftir heyrn öll tónbil innan áttundar sem leikin eru brotin upp á við.

### ***Hljómar***

Nemandi

- geti endurtekið og greint eftirfarandi þríhljóma: dúrhljómur, mollhljómur, minnkaður hljómur og stækkaður hljómur.